EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3266

Rekstraraðili Malbikunarstöð Akureyrar kt: 4101696229	**Tegund starfsemi** Malbikunarstöðvar	**Starfsleyfisnúmer:** **Gildistími starfsleyfis** 25. janúar 2033
Starfsstöð Akureyri	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 28. ágúst 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0006	**Eftirlitsmaður** Kristín Kröyer	**Útgáfudagur skýrslu** 3.11.2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Arnór Þorsteinsson	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram tvö ný frávik er varða skil á gögnum fyrir eftirlit og stærð olíuskilju. Að auki voru, þegar farið var í eftirlitið þrjú opin frávik er varða: mælingu á olíu í fráveituvatni, sýnatöku vegna losunar í loft og geymslu olíuefna á svæðinu án árekstrar- og lekavarna.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 28. ágúst 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Frá síðasta eftirliti voru þrjú frávik enn opin þegar farið var í eftirlitið.

Fyrsta frávikið varðaði að mæla skuli olíu í fráveituvatni að lágmarki árlega en oftar ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að skila niðurstöðum eigi síðar en 1. júlí 2026. Niðurstöður hafa ekki borist stofnuninni.

Annað frávikið varðaði að mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í grein 3.8 í starfsleyfi. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að panta viðeigandi mælingar hjá viðurkenndum aðila og skila átti niðurstöðum til stofnunarinnar eigi síðar en 1. september 2026 og verklag endurskoðað til að tryggja að árlegar mælingar fari fram framvegis. Í eftirlitinu kom fram að sökum þess að stöðin hefur verið biluð frá miðjum júlí hefur ekki verið hægt að framkvæma mælinguna og niðurstöður hafa því ekki borist fyrir 1. september 2026. Frávikið er því opið.

Þriðja frávikið varðar uppsöfnun á bömbum með lífolíu án öruggra mengunar, -áreksturs-, eld- og slysavarna. Í eftirlitinu hafa allir bambar verið fjarlægðir og frávikinu því lokið.

Rekstrarhandbók:
Rekstrarhandbók var til staðar í eftirlitinu en rekstraraðila er bent á að mikilvægt er að fylla í hana jafnóðum.

Olíuskilja:
Rekstraraðili hafði ekki skilað upplýsingum til stofnunina varðandi olíuskiljurnar á svæðinu. Beiðni um gögn var send þann 7. apríl 2026 en einnig, þann 24. ágúst 2026, þegar eftirlitið var boðað. Þar sem gögnum sem þarf fyrir eftirlitið hafði ekki verið skilað, er um frávik að ræða. Rekstraraðili skilaði umbeðnum gögnum þann 5. október 2026 og fráviki því lokið.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er olíuskiljan á svæðinu í flokki II og að nafnstærð 10 l/s og tekur við afrennsli af 6.100 m^2 stóru svæði. Þann 2. nóvember bárust uppfærðar tölur að aðrennslissvæði skiljunnar er 1.800 m^2. Samkvæmt útreikningi þarf skilja sem tekur við afrennsli af því svæði á Akureyri að vera að nafnstærð 8,5 l/s og skiljan því nægilega stór til að anna því vatni sem berst í hana.

Þrýstiprófanir:
Engar niðurgrafnar lagnir né löndunarlagnir eru á bikgeyminum og því ekki krafa að framkvæma þrýstiprófanir.

Trygging vegna bráðamengunar:
Rekstraraðili sendi stofnuninni afrit af gildandi tryggingaskýrteini þann 22. september 2026.

Umhverfisupplýsingar:
Rekstraraðili skilaði grænu bókhaldi þann 29. apríl 2026. Græna bókhaldið innihélt að mestu leyti því sem skila á í umhverfisupplýsingum og var rekstraraðila bent á að skila umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí á næsta ári.

Vettvangsskoðun:
Gengið var um athafnasvæðið. Ekki voru gerðar athugasemdir.

Annað:
Bilun kom upp í stöðinni um miðjan júlí og framleiðsla legið niðri síðan þá.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
mgr. 3, gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávik skráð: 28. ágúst 2026 Rekstraraðila er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Umhverfis- og orkustofnunar *Rekstraraðili hefur ekki skilað upplýsingum um olíuskiljur á svæðinu til stofnunarinnar.* *Umbeðnar upplýsingar bárust stofnuninni 5. október 2026.*	Lokað
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 8. október 2025 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftar ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum á olíu í fráveituvatni hefur verið skilað til stofnunarinnar.* *Niðurstöður mælinga úr fráveituvatni bárust stofnuninni 5. október 2026.*	Lokað
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 8. október 2025 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í grein 3.8. Í skýrslu fyrir árið 2025 kom fram að NOX og ryk var ekki mælt.*	Opið
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá	Frávik skráð: 8. október 2025 Öruggar mengunar- áreksturs- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma	Lokað

starfsemi á landi	*Lífolía er geymd á svæðinu í bömbum ekki í lekabittu og án árekstrarvarna.* *Búið var að fjarlægja alla bamba í eftirlitinu 28. ágúst 2026.*	

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.